

60+ í Reykjavík



Samþykktir

1. grein

Félagið heitir **60+ í Reykjavík** og er deild innan Samfylkingarfélagsins í Reykjavík. Félagið er ekki lögaðili. Fjárhagur 60+ í Reykjavík heyrir undir efnahagsreikning Samfylkingarfélagsins í Reykjavík, stjórn og gjaldkera þess.

2. grein

Tilgangur **60+ í Reykjavík** er að gæta hagsmuna fólks sextíu ára og eldra innan Samfylkingarinnar og í stefnumótun flokksins. **60+ í Reykjavík** er vettvangur umræðu um málefni lands og lýðs á grundvelli jafnaðarstefnu, jafnréttis og lýðræðis. **60+ í Reykjavík** gengst fyrir fundum, skemmtunum og mannfögnuðum eftir því sem tilefni gefst.

3. grein

60+ í Reykjavík leitar eftir samstarfi við önnur félagasamtök á Íslandi og erlendis, hvort sem er á stjórn málavettvangi eða almennum vettvangi.

4. grein

Allir þeir sem orðnir eru fullra sextíu ára, með lögheimili í Reykjavík og eru félagsmenn í Samfylkingunni geta gerst félagsmenn í **60+ í Reykjavík**, enda séu þeir ekki félagar í öðrum stjórn málaflokkum en Samfylkingunni. Þeir sem þess óska geta verið óflokksbundnir félagsmenn í **60+ í Reykjavík**, enda séu þeir ekki félagar í öðrum stjórn málaflokkum.

5. grein

60+ í Reykjavík sendir fulltrúa á landsfund Samfylkingarinnar með fulltrúum Samfylkingarfélagsins í Reykjavík.

6. grein

Árþing **60+ í Reykjavík** skal haldið annað hvert ár, að vori. Til þess skal boðað með tryggilegum hætti með minnst tveggja vikna fyrirvara.

7. grein

Dagskrá árþings **60+ í Reykjavík** er sem hér segir:

1. Greinargerð um störf og framkvæmdir stjórnar á liðnum 2 árum
2. Breytingar á samþykktum
3. Kosning formanns
4. Kosning fjögurra félagsmanna í aðalstjórn
5. Kosning tveggja félagsmanna í varastjórn
6. Kosning þriggja manna í uppstillingarnefnd
7. Önnur mál

8. grein

Stjórn 60+ í Reykjavík skal skipuð fimm aðalmönnum, að meðtöldum formanni og tveimur varamönnum. Í stjórninni skulu vera a.m.k. tvær konur og a.m.k. tveir karlar. Formaður er kjörinn beinni kosningu á ársþingi en aðrir kjörnir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Varamenn sitja stjórnarfundi í forföllum aðalmanns og oftast ef þurfa þykir. Formaður boðar stjórnafundi.

9. grein

Uppstillingarnefnd 60+ í Reykjavík skipa þrjú félagsmenn, kjörnir á aðalfundi. Í nefndinni skulu vera a.m.k. ein kona og a.m.k. einn karl. Tillaga uppstillingarnefndar að stjórn félagsins skal liggja fyrir á skrifstofu Samfylkingarinnar eigi síðar en fimm sólarhringum áður en boðað ársþing skal hefjast. Önnur framboð til stjórnar skulu berast skrifstofu Samfylkingarinnar eigi síðar en tveimur sólarhringum áður en boðað ársþing skal hefjast.

10. grein

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á löglega boðuðu ársþingi enda hafi þess verið getið sérstaklega í fundarboði og frá því greint hvaða breytingatillögur liggi fyrir fundinum. Breytingar á samþykktum þessum öðlast gildi hljóti þær samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða.

11. grein

Ef tillaga fram komin með sama hætti og um getur í 10. gr. en þess efnis að leysa skuli félagið upp, hlýtur samþykki 2/3 hluta fundarmanna á tveimur ársþingum í röð skal félaginu slitið. Skal fundur sá, sem það samþykkir endanlega með lögmætum hætti einnig ákveða hvernig ráðstafa skuli eignum félagsins.

12. grein

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á stofnfundi 60+ í Reykjavík fimmtudaginn 25. mars 2010 á Hallveigarstíg 1 í Reykjavík.

Samþykkt af stjórn Samfylkingarfélagsins í Reykjavík í apríl 2010.